

SAMÞYKKT

um B-gatnagerðargjald í Borgarfjarðarsveit.

1. gr.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á byggingar í hreppnum í skipulögðu þéttbýli í sveitarfélaginu þar sem ekki hefur þegar verið lagt á B-gatnagerðargjald og eftir því sem nánar segir í þessari reglugerð.

2. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við lagningu bundins slitlags á götu og frágang gangstétta. Gjaldið skal miða við rúmmál húss eins og það er skráð hjá Fasteignamati ríkisins.

3. gr.

Gjaldið skal nema ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra húss eins og hann er talinn á hverjum tíma af Hagstofu Íslands og verður 3% á gjaldskyldu húsnæði í sveitarfélaginu, sbr. 1. gr.

4. gr.

Gatnagerðargjald skv. 3. gr. miðast við byggingarkostnað vísitöluhússins á þeim tíma er lagning bundins slitlags fer fram.

5. gr.

Gatnagerðargjald skv. 3. gr. gjaldfellur þegar lokið er lagningu bundins slitlags og gangstéttar en dreifa má greiðslum án vaxta í allt að 18 mánuði eftir gjalddaga.

6. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir í öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár hennar.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar samkvæmt heimild í bráðabirgðaákvæði laga um gatnagerðargjald nr. 17/1996, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. nóvember 2001.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.